

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um hagræðingu í stafrænni umbreytingu**

Borgarstjórn samþykkir að lækka fjárfestingu í áhöldum, tækjum og hugbúnaði þjónustu- og nýsköpunarsviðs úr 1.600 milljónum króna, niður í 1.000 milljónir króna. Forgangsraðað verði í þágu stafrænnar umbreytingar á velferðarþjónustu, skólastarfi barna og þjónustu umhverfis- og skipulagssviðs. Öll verkefni verði ábatagreind og það tryggt að áformað hagræði skili sér í reynd. Kostnaðarlækkun vegna tillögunnar nemur 600 milljónum króna og er lagt til að handbært fé verði hækkað sem því nemur.